LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
STOFNAÐ 1949

Grænt letur = nýr texti
Rautt letur = Texti fellur brott
Svart letur = Óbreyttur texti

Þingskjal nr. 19

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir Landsmótsnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir breytingu á Reglugerð um Landsmót.

Breytingartillaga við gr. 5 Val hrossa og keppenda á Landsmót og fjórðungsmót, 1. mgr.

Þátttakendafjöldi á lands- og fjórðungsmóti miðast við fjölda félagsmanna sem skráðir eru í félagatali hestamannafélaga þann 15. apríl ár hvert.

Keppendafjöldi á Landsmóti fer eftir félagatölu hvers hestamannafélags sem hér segir: Félög með færri en 180 félagsmenn fá einn keppanda, félög með 181-360 félagsmenn fá tvo keppendur, félög með 361-540 félagsmenn fá þrjá keppendur o.s.frv.

Landsmótsnefnd leggur til eftirfarandi beytingu:

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir breytingu á Reglugerð um Landsmót.

Breytingartillaga við gr. 5 Val hrossa og keppenda á Landsmót og fjórðungsmót, 1. mgr.

Þátttakendafjöldi á landsmóti miðast við fjölda félagsmanna sem skráðir eru í félagatali hestamannafélaga þann 15. apríl ár hvert.

Keppendafjöldi á Landsmóti fer eftir félagatölu hvers hestamannafélags sem hér segir: Félag fær einn keppanda á hverja 125 félagsmenn.

Dæmi:

- Hestamannafélag með 1-125 félaga á félagaskrá öðlast rétt til að senda eitt hross í hvern keppnisflokk; þ.e. A og B flokk, barna-, unglinga- og ungmennaflokk.
- Hestamannafélög með 126-250 skráða félaga: 2 hross í hverjum flokki
- Hestamannafélög með 251-375 skráða félaga: 3 hross í hverjum flokki, o.s.frv.

Landsmótsnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt með ofangreindum breytingum

Þingskjal nr. 17

Flytjandi Hestamannafélagið Fákur, Hestamannafélagið Sprettur, Hestamannfélagið Sörli, Hestamannafélagið Hörður og Hestamannafélagið Sóti.

Lagt fyrir Landsmótsnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir að stefnt skuli að því að Landsmóti hestamanna verði til framtíðar fundinn einn varanlegur mótsstaður sem uppfyllir nútíma kröfur um aðstöðu fyrir gesti, keppendur og keppnis- og sýningarhross.

Í því sambandi felur Landsþing stjórn LH að:

1. Skipa starfshóp sem skilgreinir hlutlæg og mælanleg viðmið um framtíðarstað Landsmóts, m.a. um hýsingu og velferð hrossa, aðstöðu keppenda, gistingu, hreinlætis- og baðaðstöðu, þjónustu, samgöngur, heildarakstur keppenda og aðstandenda, umhverfisáhrif stofn-, rekstrar- og viðhaldskostnað, fjármögnun, möguleika til framtíðaruppbyggingar og nýtingu mannvirkja.
2. Tryggja aðkomu fulltrúa keppenda, mótshaldara og aðila með þekkingu á velferð hrossa, rekstri stórra íþróttaviðburða og uppbyggingu íþróttamannvirkja.
3. Meta þá staði sem komi til greina út frá þessum viðmiðum í opnu og gagnsæju ferli.
4. Kynna niðurstöður og tillögu á formannafundi LH 2027 og leggja tillögu að framtíðarstað Landsmóts fyrir Landsþing 2028 til ákvörðunar.
5. Virða þá samninga sem þegar hafa verið gerðir um mótshald, þannig að fastur mótsstaður taki gildi frá fyrsta Landsmóti sem ekki hefur þegar verið úthlutað.

Landsmótsnefnd leggur til að tillagan verði felld

Tillaga frá Landmótsnefnd

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, beinir því til stjórnar Landssambands Hestamannafélaga að fjölga fulltrúum í starfshóp um framtíðarsýn Landsmóta og þar með tryggja að fjölbreyttari sjónarmið fái rými í vinnu hópsins sem framundan er. Tryggja skal sem best jafnræði milli landshluta í skipan hópsins.